

NSS

Fréttabréf

Náttúruverndarsamaka
Suðurlands

I. árgangur, nr. 1. Mars 2006.
Álm. Elín Edingsdóttir

Aðalfundur

Náttúruverndarsamtaka Suðurlands
Verður haldinn þann 6. apríl nk. kl. 20.30
í félagsheimilinu Þingborg í Hraungerðishreppi.

Venjuleg aðalfundarstörf.
Gestur fundarins verður Ómar Ragnarsson fréttamaður
með þátt um Neðri-Þjórsá

Félagsmenn, Sunnlendingar og aðrir
velunnarar eru hvattir til að fjölmenna.



Vefsíðan
www.nss.is

Blaðagreinar
í "Glugganum"



NSS opnuðu vefsíðu í nóvember. Hönnuður vefsins er Örn Óskarsson líf-fræðingur, en hann er höfundur nokkurra vefsíða sem snerta náttúru landsins. Tilgangurinn með gerð síðunnar er að gera fólki kleyft að fylgjast með því sem um er að vera á vegum samtakanna og einnig að koma á framfæri ýmsu fræðsluefni og gagnlegum upplýsingum um félagið eða málefni sem snerta umhverfis- og Náttúruverndarmál almennt. Þar er einnig hægt að senda fyrirspurnir og umsókn um aðild að félaginu.

NSS ákvað að gera "Gluggann" að sínum vettvangi til blaðaskrifa, en "Glugginn" er fréttablað sem dreift er á öll heimili á Suðurlandi. Auk fréttatilkynninga hafa þar verið birtar greinar um erfðabreyttar lífverur (í júní 2006) og um Þjórsárver og Norðlingaölduveitu (í nóvember 2006). Greinar þessar má einnig lesa á vefnum www.nss.is.



Samstarf við Umhverfisráðuneytið

NSS sóttu um aðild að samstarfs-samningi umhverfisráðuneytis og frjálsra félagasamtaka á liðnu sumri. Formaður var boðaður á fund ráðuneytis og annarra frjálsra félaga-samtaka í haust til að kynna NSS og í kjölfarið urðu samtökin aðilar að umræddum samstarfssamningi. Ráðuneytið boðar reglulega þau félög sem eru í þessum hópi til samráðsfunda um ýmis málefni sem eru til umfjöllunar í ráðuneytinu. Þar gefst félögunum tækifæri til að spyrja um ýmis mál sem ráðuneytið hefur afskipti af í umhverfis- og náttúruverndarmálum. Formaður hefur setið þá 2 samráðsfundi sem boðað hefur verið til á tímabilinu. Á fundunum hefur verið rædd dagskrá Umhverfisþings 2005, stefnumörkun Umhverfisráðherra um sjálfbæra þróun (“Velferð til framtíðar”), loftslagsmál, utanvegaakstur, mótvægisáðgerðir vegna Kárahnúkavirkjunar, loftslagsmál og alþjóðlegir samningar, gildistaka Árósasamnings (um þátttöku almennings í ákvörðunum um umhverfis- og náttúruverndarmál), áframhald vinnu við Rammaáætlun, svo eitthvað sé nefnt.



Umhverfisþing 2005 “Velferð til framtíðar”

Umhverfisráðherra boðaði til fjórða Umhverfisþings í nóvember. Þema þingsins var stefnumótun ráðherrans í sjálfbærni þróun “Velferð til framtíðar”. Tveir stjórnmenn NSS sátu þingið en það var fjölsótt að vanda. Nánari upplýsingar um þingið má finna í gegn um vefinn www.nss.is.



Umræður og ályktanir

Mörg mál sem snerta náttúruna beint hafa verið til umræðu á stjórnarfundum NSS þetta fyrsta starfsár. Stjórnarmenn hafa skipt með sér verkum í þeim tilgangi að fygjast með því sem er að gerast vítt og breytt um Suðurland. Til umfjöllunar og umræðu hefur verið Þjórsárver og Norðlingaölduveitu, vegagerð við friðlandið í Dyrhólaey, efnistaka í Ingólfsfjalli, fyrirhugaðar framkvæmdir við Langasjó, hugsanleg nýting háhitasvæða á Suðurlandi, Væntanlegur Vatnajökulshjóðgarður, stóriðjustefna, námsefni í grunnskólum erfðabreyttar lífverur og ótalmargt fleira. NSS hefur sent frá sér nokkrar ályktanir til aðila í stjórnsýslunni, annars vegar vegna Norðlingaölduveitu og Þjórsárvera og hins vegar vegna vegagerðar í nágrenni Dyrhólaeyjar.



Samvinna NSS og annarra frjálsra félagasamtaka

NSS hefur verið virkur þátttakandi í samstarfi frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfis- og náttúruverndar. Í hópnum eru félög eins og Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands, Hið íslenska náttúrufræðifélag, NAUST (Náttúruverndarsamtök Austurlands), SUNN (Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi), Náttúruverndarsamtök Vesturlands, Fuglavernd, Náttúruvaktin, Sól í Hvalfirði o. fl.

Átta af þessum samtökum standa meðal annars fyrir kosningu vegna Umhverfisverðlauna sem veitt hafa verið í nokkur ár. Tilgangur þeirra er að heiðra verðugan einstakling fyrir einstakt framlag til náttúru- og umhverfisverndarmála. Markmið með þessu er að vekja athygli landsmanna á verkum þeirra sem vinna vel og ótullega að verndun umhverfis- og náttúru. Ómar Ragnarsson fréttamaður var útnefndur árið 2005.

Önnur verkefni sem NSS tók þátt í með öðrum frjálsum félagasamtökum var fundurinn “Þjórsárver eru þjóðargersemi” sem haldinn var í Norræna húsinu þann 7. jan. sl. og Málþingið “Stefnumót við Hjörleif sjötugan” sem fram fór þann 25. mars sl. Málþingið var í tveimur hlutum. Sá fyrr var um “Óbyggðir Íslands í nútíð og framtíð” og hinn síðari um “Alþjóðlegt samstarf og náttúruvernd á norðurslóðum”.



Heimsóknir frá Umhverfisstofnun

Stjórn NSS hefur tvívegis fengið gesti á stjórnarfundum frá Umhverfisstofnun. Tilgangur heimboðanna hefur verið að fá upplýsingar um það sem er að gerast á Suðurlandi og kemur til umfjöllunar á Umhverfisstofnun og einnig um það hvernig unnið er á stofnunni að ýmsum málum sem snerta hlutverk hennar. Í fyrri heimsóknina kom Guðríður Þorvarðardóttir fagstjóri á sviði Náttúruverndar og útivistar og þá síðari Sigurrós Friðriksdóttir fagstjóri á framkvæmda- og eftirlitssviði.





Náttúruverndarsamtök Suðurlands endurreist 18.apríl 2006

Náttúruverndarsamtök Suðurlands voru endurreist, eftir um 20 ára dvala þann 18. apríl 2006 á fundi á Hellu.

Á fundinum voru endurskoðuð lög samþykkt og kjörin ný stjórn til næsta árs. Einnig voru sýndar myndir af Suðurlandi frá Jóhanni Ísberg.

Í NSS eru nú 85 félagar úr sýslunum þremur, Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, auk nokkurra burtfluttra Sunnlendinga.

Ný stjórn skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum 28. apríl þannig:

Elín Erlingsdóttir landfræðingur, formaður
Sigbrúður Jónsdóttir líffræðingur, ritari
Ólafía Jakobsdóttir ferðamálafræðingur, gjaldkeri
Jón Þórðarson nemi, meðstjórnandi
Ragnheiður Jónasdóttir garðyrkjufræðingur, meðstjórnandi

Til vara:

Úlfur Óskarsson líffræðingur,
Gunnar Ágúst Gunnarsson, framkvæmdastjóri
Hrafnkell Karlsson, bóndi

Endurskoðendur félagsins voru kjörnir úr röðum fyrrum stjórnarmann, þeir Óskar Þór Sigurðsson og Sigurður Sigursveinsson.

Þetta fyrsta starfsár félagsins eftir endurreisn hafa verið haldnir 6 stjórnarfundir, varamenn hafa verið boðaðir á alla nema þann fyrsta.

Mótun starfseminnar, gerð heimsíðu og upplýsingaöflun hefur verið aðalviðfangsefni stjórnar. Auk þess hafa verið gerðar og birtar nokkrar ályktanir, skrifaðar blaðagreinar og tekið þátt í samstarfi á landsvísi bæði með öðrum frjálsum félagasamtökum og á vegum umhverfisráðuneyti.

